

Fundur í Betadeild 18. janúar 2007
haldinn heima hjá Maríu formanni í Vallargerði 4f

Dagskrá;

1. Setning fundar
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Nýir félagar í Betadeild
4. Önnur mál
5. Happadrætti og kaffi.
6. Bókakynning
Konur segja frá bókum sem þær hafa lesið undanfarið
7. Fundi slitið

1. María setti fund, óskaði félagskonum gleðilegs árs og þakkaði samstarfið á liðnu ári. Hún flutti kveðjur frá konum sem ekki mættu. Einnig lagði hún til breytingu frá áður auglýstri dagskrá, að flytja önnur mál og kaffið fram fyrir bókakynningarnar. Var það samþykkt.

2. Fundargerð síðasta fundar var lesin og samþykkt.

3. Rætt var um fjölgun kvenna í Betadeild og hugsanlega nýja félaga.

4. Önnur mál:

Óskað hefur verið eftir að deildin tilnefni konur í stjórn Landsambandsins í uppstillinganefnd og í fjárhagsnefnd. Fundurinn samþykkti að tilnefna Önnu Þóru Baldursdóttur til stjórnar. Ingibjörg Auðunsdóttir býður sig fram í uppstillinganefnd. Ákveðið var að fara þess á leit við Jóhönnu Þorsteinsdóttur að gefa kost á sér í fjárhagsnefnd.

Ingibjörg og Þorgerður spurðu hvort konur lumuðu ekki á fatnaði eða myndum til að nota við uppfærslu minningarbrots deildarinnar á Landsambandsþinginu í vor. Þær vildu einnig vita hvort konur yrðu ekki almennt til í að taka þátt í atriðinu og var því vel tekið. Einnig var nefnd sú hugmynd að nota tónlist í atriðinu.

5. Happadrætti og kaffi. Ljúffengar veitingar kvöldsins voru á vegum Helgu, Ingibjargar og Þórunnar. Happadrættisvinninginn hlaut Eygló Björnsdóttir.

6. Bókakynning. Félagskonur kynntu athyglisverðar bækur sem þær hafa lesið að undanförunu og var það að venju álitlegur listi.

7. Áður en María sleit fundi minnti hún á skráningu á Landsambandsþingið. Helga benti einnig á að upplýsingar um Evrópuþingið í London í sumar hefðu birst í síðasta tölublaði af fréttabréfinu ΔKI News.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Selma Hauksdóttir